

Mánudaginn 8. júní 1970.

Nr. 15/1970. **Guðbrandur Jörundsson og
Ingólfur Jörundsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sveinbjörgu Kristjánsdóttur

Boga Sigurðssyni

Fríði Sigurðardóttur

Guðrúnu Sigurðardóttur

Jökli Sigurðssyni og

Sigríði Sigurðardóttur

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen borgardómari.

Búskipti. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Yngvi Ólafsson, sýslumaður í Dalasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1970 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að jörðin Vatn með húsum og öðrum mannvirkjum og veiðiréttindum skuli koma til skipta í dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur.

Varakrafa: Að undanskilinn verði frá því, er segir í aðalkröfu, sá hluti jarðarinnar Vatns, sem svonefnt afsal frá 8. desember 1947 fjallar um, og verði hann metinn til núverandi verðgildis, að undanteknum jarðabótum og þar reistum byggingum, og sú fjárhæð reiknuð sem skuld erfingja Sigríðar Jörundssonar við dánarbúið.

Þrautavarakrafa: Að frá aðalkröfu dragist síðastnefndur hluti jarðarinnar Vatns, er verði metinn til verðgildis 8. desember 1947, og að sú fjárhæð, að viðbættum 7% ársvöxtum,

verði reiknuð sem skuld erfingja Sigurðar Jörundssonar við dánarbúið.

Þá krefjast áfrýjendur þess, að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefndu óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur í samræmi við dómkröfur þeirra í héraði og að áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Jörundur Guðbrandsson og kona hans, Sigríður Sigurðardóttir, bjuggu mörgum árum saman á jörðinni Vatni, Haukadalshreppi, Dalasýslu. Þau létu af búskap árið 1948 og fluttust til Reykjavíkur og tóku þar búsetu hjá syni sínum Guðbrandi. Jörundur andaðist hinn 7. desember 1948, en Sigríður hinn 13. júlí 1950. Þau hjón áttu þrjá syni, Guðbrand, Ingólf og Sigurð. Sigurður bjó á hluta jarðarinnar Vatns á árunum 1935 til 1948, en þá fluttist hann og fjölskylda hans til Reykjavíkur. Á árinu 1958 hóf Sigurður af nýju búskap á Vatni og bjó þar til dánardægurs síns, 23. júní 1965. Erfingjar hans eru: Sveinbjörg Kristjánsdóttir, eftirlifandi kona hans, og börn þeirra fimm. Eru erfingjarnir stefndu hér fyrir dómi.

II.

Um eignaraðild að jörðinni Vatni er þetta í ljós leitt:

1. Hinn 8. desember 1947 gaf Jörundur Guðbrandsson út svohljóðandi afsal:

„Ég undirritaður, Jörundur Guðbrandsson, bóndi á Vatni í Haukadalshreppi, Dalasýslu, afhendi hérmeð og afsala til sonar míns, Sigurðar, eignarrétti yfir hálfu landi téðrar eignarjarðar minnar, Vatni í Haukadalshreppi, utan hins ræktaða lands (61 hundrað landverð að dýrleika), svo og hlunnindum öllum að hálfu bæði til lands og vatns, þarmeð talin lax- og silungsveiði í ám og vötnum fyrir landi jarðarinnar. Ennfremur fylgir án sérstaks endurgjalds nytjar af hálfu heimatúni næstu 5 ár. Af þessu hálfa landi jarðarinnar er

úrskipt og eign Sigurðar landspilda með þessum landamerkjum: Að sunnan Haukadalsá, að austan Haukadalsvatn og bein lína úr norðvesturhorni vatnsins (Húsavíkinni) um Barnaborg í Þverá, og úr því ræður Þverá, þar til hún rennur í Haukadalsá í Blóta (að norðan og vestan).

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, lýsi ég hérmeð yfir því, að fyrrnefndur sonur minn, Sigurður, er, frá því í dag að telja, réttur og löglegur eigandi að helmingi að landi og hlunnindum jarðarinnar Vatns í Haukadalshreppi í Dalasýslu, og ber mér að svara til vanheimildar.

Tvö frumrit eru gerð af afsali þessu, og heldur sinn aðili hvoru eintaki.

Til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í viðurvist vitundarvotta.

Vatni, 8. des. 1947

Sigurður Jörundsson

Jörundur Guðbrandsson.

Vitundarvottar:

Páll Rögnvaldsson

Benedikt Björnsson“.

A afsalið er ritað:

„Móttekið í dag samhljóða skjal til innritunar í afsals- og veðmálabækur Dalasýslu og til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Haukadalshrepp, merkt nr. 505.

Skrifstofu Dalasýslu 22. des. 1947

Þorst. Þorsteinsson“.

2. Bjarni F. Finnbogason héraðsráðunautur hefur hinn 7. apríl 1970 gefið svohljóðandi vottorð:

„Útteknar jarðarbætur á jörðinni Vatni í Haukadal í búskapartíð Sigurðar Jörundssonar.

Árið 1960. Nýrækt 4,6969 ha.

Árið 1961. Nýrækt 1,3780 —

Árið 1964. Nýrækt 2,7100 — Þurrheyshlaða 576 m³.

Auk þess byggði Sigurður heitinn fjárhús fyrir 400 fjár árið 1964. Ofanskráðar framkvæmdir eru gerðar á landi, úrskiptri eign Sigurðar, samkv. afsali, sem ég hef kynnt mér.

Þetta viðurkennist hérmeð“.

3. Á skattframtal sitt fyrir árið 1948 hefur Jörundur Guðbrandsson ritað svofellda fororðsgrein: „30 og $\frac{1}{2}$ hundrað úr jörðinni Vatn afsalað til sonar míns, Sigurðar, 8. des. s.l. Kaupverð þessu óviðkomandi, því liðin eru mörg ár síðan eignaskiptin fóru fram“.

4. Í umboði til lántöku, sem Sigurður Jörundsson gaf Guðbrandi Jörundssyni hinn 23. febrúar 1962, telur Sigurður hálfa jörðina Vatn eign sína.

5. Á skattframtölum sínum fyrir árin 1962, 1963 og 1964 telur Sigurður Jörundsson fram sína eign hálfa jörðina Vatn, en á skattframtölum 1961 og 1965 telur hann einungis fram einn þriðja hluta hennar sem sína eign.

6. Guðjón G. Sigurðsson segir í vottorði, dags. 4. júlí 1969, að hann hafi vorið 1948 með munnlegum samningi við þá Jörund Guðbrandsson og Sigurð Jörundsson tekið á leigu hálfa jörðina Vatn, þ. e. eignarhluta Jörundar. Kveður hann þá feðga hafa sagt sér, að þeir ættu hvor sinn helming jarðarinnar. Hafi hann mátt nýta eignarhluta Sigurðar að nokkru, meðan Sigurður bjó ekki „á sínum hluta jarðarinnar“. Guðjón bjó á Vatni frá árinu 1948 til ársins 1950.

7. Sigurvin Yngvi Guðjónsson og Stefania Anna Guðmundsdóttir hafa hinn 4. júlí 1969 vottað, að þau hafi búið á Vatni frá því á árinu 1949 til ársins 1959. Hafi Sigurður Jörundsson oft sagt þeim, að hann ætti hálfa jörðina Vatn á móti föður sínum og að hann ætti land fyrir vestan Hauka-dalsvatn, úrskipt úr jörðinni.

8. Magnús Rögnvaldsson vegaverkstjóri hefur hinn 17. október 1969 vottað, að það hafi oft komið fram í viðtölum sínum við Sigurð Jörundsson, er þeir ræddu um vegagerð um Vatnsland og gerð ristarhliðs, að Sigurður taldi sig eignanda að einum þriðja jarðarinnar Vatns á móti bræðrum sínum, Ingólfi og Guðbrandi.

9. Friðjón Þórðarson, sem var sýslumaður í Dalasýslu á árunum 1955—1965, kveðst í vottorði 4. desember 1969 eftir kynnum sínum af mönnum og málefnum hafa talið, að bræðurnir þeir ættu jörðina Vatn að einum þriðja hver.

10. Afrýjendur hafa staðhæft, að þeir bræðurnir, Guðbrandur, Ingólfur og Sigurður, hafi eftir lát foreldra sinna skipt arðinum af veiði í veiðivatni jarðarinnar Vatns jafnt á milli sín og hafi sá skiptigrundvöllur haldizt eftir lát Sigurðar til ársloka 1968. Hefur þessari fullyrðingu eigi verið mótmælt.

III.

Aðalsönnunargögn afrýjenda eru framtal Sigurðar Jörundssonar fyrir árið 1965, þar sem hann telur sig einungis eiganda að einum þriðja hluta Vatns, og svo óhrakin staðhæfing þeirra um arðskiptingu af veiði í veiðivatni jarðarinnar. Þessi gögn verða samt eigi metin nægilega sterk til að hrinda hinu þinglesna afsali, sem afrýjendur máttu þekkja og eigi hafði verið vefengt áratugum saman. Verður því að leggja afsalið til grundvallar.

Er því úrlausnarefni að skýra afsalið frá 8. desember 1947. Þessi þáttur málsins hefur verið alveg vanræktur fyrir skiptarétti. Á skiptafundi í dánarbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur hinn 17. október 1969 lýsti umboðsmaður stefndu yfir því, „að undir búskiptin eigi að koma sem eign dánarbúsins hálf jörðin Vatn í Haukadal og visar jafnfram til afsals, dags. 8. desember 1947, sem áður hefur verið lagt fram í skiptaréttinum“. Síðar á skiptafundinum kvaðst umboðsmaðurinn eiga „nánar tiltekið við þann hluta jarðarinnar Vatns, sem ekki var seldur Sigurði heitnum Jörundssyni með afsali, dags. 8. desember 1947“. Áður en afsal þetta er skýrt, ber nauðsyn til að fyrir liggi mat á verðhlutfallinu milli jarðarinnar í heild og hins úrskipta lands Sigurðar Jörundssonar. Þarf að miða slíkt mat bæði við verðmæti þessi, eins og þau voru 8. desember 1947 og eins og þau eru nú. Önnur gögn kunna og að reynast gagnleg. Þar sem kröfugerð umboðsmanns afrýjenda fyrir skiptadómi er eigi nægilega skýr og skilmerkileg, gagnasöfnun þar hefur verið áfátt og niðurstaða hins afrýjanda úrskurðar, sérstaklega um húsakostinn og skiptigrundvöllinn, er eigi nægjanlega glögg, verður að ómerkja hinn

áfrýjaða úrskurð og visa málinu aftur til skiptaréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað aftur til skiptaréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Dalasýslu 23. desember 1969.

Ágreiningur er á milli erfingja í dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur frá Vatni um það, hve mikill hluti jarðarinnar Vatns í Haukadalshreppi skuli koma til skipta, en bú þetta er nú í opinberum skiptum hjá skiptaráðanda Dalasýslu, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 161/1969, 24. september s.l.

Erfingjar dánarbúsins eru Guðbrandur Jörundsson, Ingólfur Jörundsson og erfingjar Sigurðar heitins Jörundssonar, þau Sveinbjörg Kristjánsdóttir, Bogi Sigurðsson, Jökull Sigurðsson, Sigríður Sigurðardóttir, Fríður Sigurðardóttir og Guðrún Sigurðardóttir.

Á skiptafundi 17. október s.l. og í greinargerð gerir umboðsmaður Guðbrandar og Ingólfs Jörundssona, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, þær kröfur *ad allega*, að jörðin Vatn með húsum og öðrum mannvirkjum og veiðiréttindum verði talin eign dánarbúsins.

Til vara krefst hann þess, að sá hluti Vatns, sem svonefnt afsal frá 8. desember 1947 fjallar um, verði metinn til núverandi verðgildis og sú fjárhæð reiknuð sem skuld erfingja Sigurðar Jörundssonar við dánarbúið.

Til þrautavara krefst hann þess, að síðastnefndi hluti jarðarinnar Vatns verði metinn til verðgildis 8. desember 1947 og sú fjárhæð að viðbættum 7% ársvöxtum verði reiknuð sem skuld erfingja Sigurðar Jörundssonar við dánarbúið.

Þá krefst hann þess, að umbjóðendum sínum verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi erfingja dánarbús Sigurðar Jörundssonar in solidum.

Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður erlingja Sigurðar Jörundssonar, gerir þær kröfur f. h. umbjóðenda sinna, að undir búskiptin eigi að koma sem eign dánarbús Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur hálf jörðin Vatn í Haukadal ásamt húsum og mannvirkjum og hlunnindum öllum til lands og vatns, eða nánar tiltekið sá helmingur jarðarinnar, sem ekki var seldur Sigurði heitnum Jörundssyni með afsali, dags. 8. desember 1947.

Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi Guðbrandar og Ingólfs Jörundssona.

Ákveðinn var skriflegur málflutningur, enda geta ferðalög að vetri frá Reykjavík í Dali verið erfið og málið talið verða nægilega skýrt á þann hátt.

Jörundur Guðbrandsson andaðist 7. desember 1948, en kona hans, Sigríður Sigurðardóttir, andaðist 13. júlí 1950.

Með afsali, dags. 8. desember 1947, sem innritað var til þinglýsingar 22. sama mánaðar, afhenti og afsalaði Jörundur Guðbrandsson syni sínum Sigurði „eignarrétti yfir hálfu landi téðrar eignarjarðar minnar, Vatni í Haukadalshreppi, utan hins ræktaða lands (61 hundrað að dýrleika), svo og hlunnindum öllum að hálfu, bæði til lands og vatns, þar með talin lax- og silungsveiði í ám og vötnum fyrir landi jarðarinnar. Ennfremur fylgir án sérstaks endurgjalds nytjar af hálfu heimatúni næstu 5 ár. Af þessu hálfu landi jarðarinnar er úrskipt og eign Sigurðar landspila með þessum landamerkjum: Að sunnan Haukadalsá, að austan Haukadalsvatn og bein lína úr norðvesturhorni vatnsins (Húsavíkinni) um Barnaborg í Þverá, og úr því ræður Þverá, þar til hún rennur í Haukadalsá, í Blóta (að norðan og vestan)“.

Sigurður Jörundsson hafði búið á Vatni ásamt föður sínum frá 1935 til 1948 eða 1949, er hann fluttist til Reykjavíkur ásamt fjölskyldu sinni. Árið 1958 hóf hann aftur búskap á Vatni og bjó þar til dauðadags, 24. júní 1965.

Umboðsmaður Guðbrandar og Ingólfs Jörundssona hefur haldið því fram, að afsalið frá 8. desember 1947 hafi verið „pro forma“, gefið út til að auðvelda Sigurði Jörundssyni stofnun nýbýlis. Ekki verður fallið á þessa skoðun, enda vitað, að þeir, sem hyggja á nýbýlastofnun, tryggja sér að jafnaði réttindi yfir landi, áður en byggingar og ræktun hefjast.

Þá hefur hann bent á ósamræmi það, sem er í framtölum Sigurðar Jörundssonar, en 1961 telur hann $\frac{1}{3}$ Vatns til eignar á framtali, en 1962—1964 helming jarðarinnar og 1965 á síðasta

framtali sínu $\frac{1}{2}$ jarðarinnar. Ekki þykir þetta ósamræmi hafa þýðingu um úrslit málsins.

Í málinu hefur komið fram, að arði af veiði í Haukadalsá hafi þeir bræður, Buðbrandur, Ingólfur og Sigurður, skipt jafnt á milli sín, á meðan allir lifðu, og hefur arðinum verið skipt á sama hátt allt til ársins 1968. Kostnaði vegna veiðiréttarins hefur einnig verið skipt í sama hlutfalli. Ekki hefur verið upplýst nánar um viðskipti þeirra bræðra um notkun jarðarinnar, og þykja úrslit ekki geta oltið á þessu atriði.

Upplýst er í málinu, að Sigurður Jörundsson tók á árinu 1962 lán hjá Ræktunarsjóði út á hálfa jörðina Vatn, án þess að veiðileyfi væri fengið í því sambandi.

Niðurstaða réttarins er sú, að meta verði afsalið frá 8. desember 1947 á dskj. nr. 10 gilt, þar sem engir þeir gallar eru á því, að ógildi varði.

Úrslit málsins verða því þau, að hálf jörðin Vatn ásamt húsum og mannvirkjum og hlunnindum að hálfu skuli koma til skipta í dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma Guðbrand og Ingólf Jörundssyni til að greiða erfingjum Sigurðar Jörundssonar málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Úrskurðarorð:

Hálf jörðin Vatn í Haukadalshreppi ásamt húsum og mannvirkjum og hlunnindum að hálfu skal koma til skipta í dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur.

Guðbrandur og Ingólfur Jörundssynir greiði in solidum erfingjum Sigurðar Jörundssonar kr. 20.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.
